

# Uppáhalds-dagurinn minn



Hæ, ég heiti Monika. Í dag er laugardagur sem er uppáhalds-dagurinn minn af því þá er ekki skóli. Þegar það er gott veður fer ég oftast út á leikvöll með vinum mínum. Getur þú séð mig í rólunni? Strákur sem heitir Adam er líka að róla og Tom er að hjóla. Jenný og Sara eru að tala saman. Jón stóri bróðir Toms er að leika sér með bát og Jósef vinur hans er að gefa hundinum að borða. Bestu vinkonur mínar, María og Sigrún eru að leika með bolta. María er með svart hár. Okkur finnst gaman að leika okkur á leikvöllinum. Þegar það er rigning eða kalt förum við í sund eða í heimsókn. Klukkan fimm fer ég á fótboltaæfingu. Mér finnst laugardagar skemmtilegir af því þá get ég verið með vinum mínum og gert það sem ég vil.

**Svarið rétt eða rangt;**

Uppáhalds-dagur Moniku er laugardagur .....

Á laugardögum fer hún með vinum sínum á leikvöllinn .....

Adam er í fótbolta .....

Tom er að leika með bátinn sinn .....

Jón og Jósef eru bræður .....

Jósef er að gefa hundinum sínum að borða .....

Monika er að leika með bolta.....

María og Sigrún er bestu vinkonur Moniku .....

**Svaraðu spurningunum;**

Af hverju er laugardagur uppáhaldsdagur Moniku? \_\_\_\_\_

Hvert fer Monika á laugardögum klukkan fimm ? \_\_\_\_\_

Hvað gerir hún þegar það er rigning? \_\_\_\_\_

Hvað eru bestu vinkonur hennar að gera? \_\_\_\_\_

Hvaða dagur er uppáhalds-dagurinn þinn? \_\_\_\_\_

Af hverju? \_\_\_\_\_